

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1863.
 norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir 30. nóvbrm.
 korn, er lánað hafði verið íbúunum í Skagafjarðar-
 sýslu og Húnavatnssýslu.

Einsog yður er kunnugt, herra amtmáður, var í fjáráuka-
 lögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 veitt
 rentulaust lán að upphæð 10,483 rd. 32 sk. vegna hallæris, er
 menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu,
 og voru þeir skilmálar settir um lán þetta, að það skyldi
 endurgoldið á þrem árum, er talin væru frá 1. degi aprílmán.
 1860; skyldi þriðjungur þess borgaður á ári og allt lánið þannig
 vera endurgoldið fyrir lok fjárhagsársins 1862—63.

En stjórnarráðinu þykir illa farið, að skilmálar þessir eigi
 hafa haldnir verið, því enn er óborgaður mikill hluti af láni
 þessu, og skal þess í því efni getið, að eptir þeim skýrslum,
 sem stjórnarráðið hefir við að styðjast, er þessu svo varið, sem
 nú skal frá skýrt:

Af ofangreindu láni fékk:

Húnavatns sýsla 5083 rd. 32 sk.

Uppí þetta hefir borgað verið:

a. Fjárhagsárið 1860—61:

í jarðabókarsjóðinn 904 rd. 43 sk.

í aðalféhirzlu ríkis-

isins 640 - » -

————— 1544 rd. 43 sk.

b. Fjárhagsárið 1861—62:

í jarðabókarsjóðinn 1066 - 42 -

c. Fjárhagsárið 1862—63:

í aðalféhirzlu ríkisins 197 - » -

d. Fjárhagsárið 1863—64:

í aðalféhirzlu ríkisins 503 - 5 -

————— 3310 - 90 -

Er þá enn óborgað . . . 1772 rd. 38 sk.

1863.	Skagafjarðar sýsla	5400 rd. » sk.
30. nóvbrm.	Uppi þetta hefir borgað verið:	
	a. Fjárhagsárið 1860—61:	
	í jarðabókarsjóðinn 868 rd. 64 sk.	
	í aðalféhirzlu rík-	
	isins 475 - » -	
		1343 rd. 64 sk.
	b. Fjárhagsárið 1861—62:	
	í jarðabókarsjóðinn 106 rd. 32 sk.	
	í aðalféhirzlu rík-	
	isins 200 - » -	
		306 - 32 -
		1650 - » -

Er þá enn óborgað . . . 3750 rd. » sk.

Sökum þess, að þegar hefir orðið töluverður undandráttur á endurborgun láns þess, sem hér er um rætt, er dómsmálastjórninni mjög áriðandi, að nú verði tafarlaust úr þessu bætt. Um leið og stjórnarráðið getur þess, að skuldir þessar, sem báðar tilsamans eru 5522 rd. 38 sk., munu verða tilfærðar með tekjunum í frumvarpiu til fjárlaganna fyrir næstkomanda fjárhagsár, skorar það hérmeð á yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að fæ þetta hið allra bráðasta verði borgað inní ríkissjóðinn, og má ekki bregðast, að það verði gjört fyrir lok fjárhagsársins 1864—65; vonast stjórnarráðið og eptir að fá í tækan tíma skýrslu frá yður um, hvernig skuldir þessar verða borgaðar.

30. nóvbrm. 90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.

Einsog yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, var í fjárukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 veitt rentulaust lán, að upphæð 1000 rd., vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu